

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Odda v/Sturlugötu

Sími: 525-4500/525-4553

Fax nr. 552-6806

Heimasíða: www.hag.hi.is/ioes

Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C99:03

Áfangaskýrsla IV **vegna könnunar á flutningum** **eftir vegakerfinu**

Júní 1999

Formáli


Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir vinnu við verkefnið *Könnun á flutningum eftir vegakerfinu* frá því að síðasta áfangaskýrsla kom út í febrúar 1998. Að þessu verkefni hefur verið unnið síðan árið 1995. Þetta verkefni er nú unnið í tengslum við verkefni sem nefnist *Samgöngulíkan fyrir Ísland*.

Frá upphafi verksins hafa verið gerðar tíu vegakannanir til þess að afla gagna um flutninga á vörum og fólki eftir þjóðvegakerfinu. Til þess að halda utan um þessi gögn og gera upplýsingaöflun sem auðveldasta hefur verið búinn til gagnagrunnur. Fyrstu tvær kannanirnar voru tilraunalegs eðlis og gögnin sem fengust úr þeim könnunum eru ekki í gagnagrunninum. Enn vantar nokkuð af gögnum í gagnagrunninn til þess að unnt sé að segja að gerðar hafi verið vegakannanir á sem flestum stöðum sem máli skipta á þjóðvegakerfinu auk þess sem ákveðnir vankantar verða ávallt á þeim gögnum sem eingöngu er aflað með vegakönnunum. Nauðsynlegt er að áfram verði unnið að því að afla upplýsinga og vinna úr þeim auk þess að þróa áfram aðferðir til þess að leggja mat á flutninga, bæði í heild sinni og eftir ákveðnum leiðum á vegakerfinu. Hér er bæði um að ræða heildarflutninga og vægi einstakra vörutegunda í þessum flutningum.

Í skýrslunni er fjallað um þá gagnaöflun sem nauðsynlegt er að lagt verði út í á næstunni auk þess sem gerð er grein fyrir niðurstöðum vegakannana sem framkvæmdar voru á árinu 1998 og birtar upplýsingar um kostnað við þær. Jafnframt er gerð grein fyrir áætluðum kostnaði við framkvæmd þeirra vegakannana sem lagt er til að gerðar verði á árinu 1999.

Skýrslu þessa skrifaði Marías Halldór Gestsson en auk hans unnu Marín I. Kardjilov, Nora B. Dimitrova og Kári Sigurðsson að þessum áfanga. Eins og áður hafði Snjólfur Ólafsson prófessor umsjón með verkefninu fyrir hönd Hagfræðistofnunar en Hreinn Haraldsson og Auður Þóra Árnadóttir fyrir hönd Vegagerðarinnar.

Hagfræðistofnun í júní 1999,



Tryggvi Þór Herbertsson,
forstöðumaður.

Efnisyfirlit

	bls.
Ágrip	7
English summary	9
Töflulisti	11
Myndalisti	13
Inngangur	15
1. kafli. Vegakannanir sumarið 1998	17
1.1. Hefðbundnar upplýsingar úr könnunum	17
1.2. Útvíkkun gagnagrunns – stefnur og flutningaaðilar	17
1.3. Áhrif nýrra gagna á mat á heildarvöruflutningum	20
1.3.1. Olúflutningar	26
2. kafli. Kostnaður við framkvæmd vegakannana	29
2.1 Kostnaður við framkvæmd vegakannana á árunum 1997 og 1998	29
2.2 Kostnaðarlíkan Hagfræðistofnunar	30
2.3 Kostnaðarlíkanið uppfært með nýjum upplýsingum úr bókhaldi Vegagerðarinnar	31
3. kafli. Map Info framsetning á upplýsingum í gagnagrunni	33
4. kafli. Framhald verkefnisins	41
4.1. Vegakannanir	41
4.2. Fyrirtækjakannanir	44
1. viðauki. Töflur	45
2. viðauki. Jöfnur vegna kostnaðarlíkans	55
3. viðauki. Spurningablað í vegakönnun nr. 11	57

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir vinnu við verkefnið *Könnun á flutningum eftir vegakerfinu* frá því að síðasta áfangaskýrsla kom út í febrúar 1998. Hagfræðistofnun hefur unnið að þessu verkefni fyrir Vegagerðina frá árinu 1995.

Fram til þessa hefur verkið falist í að safna gögnum um vöru- og fólksflutninga eftir vegakerfinu auk þess að hanna gagnagrunn til að halda utan um gögnin og gera upplýsingaöflun sem auðveldasta. Gögnunum hefur verið safnað með gerð vega- og fyrirtækjakannana. Nú hafa verið gerðar tíu vegakannanir víðs vegar á landinu auk þess sem ein fyrirtækjakönnun var framkvæmd árið 1997 þar sem reynt var að afla gagna um flutninga á árinu 1996. Aðeins eru gögn úr átta vegakönnunum til staðar í gagnagrunninum þar sem fyrstu tvær kannanirnar voru tilraunalegs eðlis. Gögnin sem fengust með gerð fyrirtækjakönnunarinnar eru ófullkomin þar sem einungis tókst að afla gagna um 30% af flutningum á vörum eftir vegakerfinu á árinu 1996 með henni (gróflega metið).

Þegar þau gögn, sem til staðar eru í gagnagrunninum, eru notuð til þess að leggja mat á heildarflutninga á vörum eftir vegakerfinu kemur í ljós að gera má ráð fyrir að þeir séu tæplega 400 milljón tonnkm á ári sem er í samræmi við það sem áður hefur verið talið. Varðandi vægi vörutegunda í þessum flutningum kemur í ljós að vægi fiskjar, malar og byggingarefna, og annarra vörutegunda er mest, eða á bilinu 20 – 25% fyrir hverja vörutegund.

Helstu vankantar þeirra gagna sem aflað hefur verið með gerð vegakannana eru að þau eru rýr og, þar af leiðandi, er mikil óvissa í ályktunum sem eru dregnar eru af þeim. Einnig vantar gögn um flutninga á nokkrum stöðum á landinu auk þess sem ekki er hægt að draga ályktanir um leitni og árstíðasveiflur í flutningum út frá þeim gögnum sem í gagnagrunninum eru. Lagt er til að á árinu 1999 verði gerðar sex vegakannanir til viðbótar við þær sem nú þegar hafa verið gerðar til þess að draga úr þessum vanköntum. Afar kostnaðarsamt er að afla gagna um flutninga eftir vegakerfinu með því að gera vegakannanir. Því er lagt til að einnig verði gerð fyrirtækjakönnun.

Við upphaf verksins þróðu starfsmenn Hagfræðistofnunar kostnaðarlíkan fyrir vegakannanir. Líkanið sýnir skiptingu kostnaðar einstakra þátta könnunarinnar og gefur upplýsingar sem má nota til þess að spá fyrir um kostnað við gerð kannana í framtíðinni. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á líkaninu og er hið endurbætta líkan notað til þess að spá fyrir um kostnað við þær vegakannanir sem lagt er til að gerðar verði á árinu 1999. Samkvæmt líkaninu má spá að kostnaður verði í kringum 3,5 milljónir króna á verðlagi ársins 1998 við þær sex vegakannanir sem lagt er til að verði gerðar.

English summary

This report covers the progress of the project *Investigation into transport on Icelandic roads* since the last progress report was published in February 1998. The Institute of Economic Studies has been working on this project for the Public Roads Administration since 1995.

In the past the project has been concerned with gathering data on transport of goods and people on the Icelandic roads and building a database to store the data and to make information gathering from it as easy as possible. The data has been gathered by conducting two kinds of surveys: road surveys and company surveys, that is surveys among companies in people and goods transport. Ten road surveys have already been conducted and one company survey. Data from the first two road surveys is not stored in the database since they were experimental. By the company survey, which was made in 1997, an attempt was made to gather data on transport of goods and people on the roads in 1996. The data gathered by the company survey is imperfect since it represents only 30% of the total quantity of goods transported in 1996 (roughly estimated).

When the data already in the database is used to estimate the total quantity of goods transported on the Icelandic roads it appears that it can be expected to be nearly 400 million tonkm. each year which is similar to previous estimations. Concerning the weight of each type of goods in the transport it appears that the weights of fish, gravel and building material, and other goods are highest, or around 20 – 25% for each kind of good.

The most serious weakness of the data already gathered by road surveys is that it is very limited, causing uncertainty in the assumptions drawn from it. Data on transport in some parts of the country has not been gathered and, in addition, it is not possible to draw conclusions on trend and seasonal fluctuations in the transport using the data already stored in the database. It is proposed that six additional road surveys will be conducted in 1999 attempting to cure that weakness. It is very expensive to gather exhaustive data on transport by road surveys. It is therefore proposed that a company survey will be conducted to fill in the gap.

In the early stages of this project a cost evaluation model was constructed by the staff of the Institute of Economic Studies to enable forecasting the cost of future road surveys. This model has now been revised. According to the model the cost of doing the six road surveys proposed in 1999 is forecasted to be around 3.5 million Icelandic kronas in 1998 prices.

Töflulisti

	bls.
Tafla 1.1. Vegakannanir sumarið 1998	17
Tafla 1.2. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 8 raðað eftir umfangi heildarflutninga	18
Tafla 1.3. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 9 raðað eftir umfangi heildarflutninga	18
Tafla 1.4. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 10 raðað eftir umfangi heildarflutninga	19
Tafla 1.5. Vegakannanir sem framkvæmdar hafa verið	20
Tafla 1.6. Mat á heildarvöruflutningum eftir vegakerfinu	22
Tafla 1.7. Mat á vægi vörutegunda í heildarvöruflutningum eftir vegakerfinu með gögnum úr vegakönnunum 3 - 10	23
Tafla 1.8. Mat á flutningum milli landshluta á ársgrundvelli með gögnum úr vegakönnunum 3 - 10	25
Tafla 1.9. Mat á flutningum á hverri vörutegund eftir vegakerfinu	27
Tafla 2.1. Kostnaður við vegakannanir 6 – 10 samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar	29
Tafla 2.2. Spávillur í kostnaðarlíkani Hagfræðistofnunar og upplýsingar um kannanir	32
Tafla 4.1. Tillögur að vegakönnunum á árinu 1999	42
Tafla 4.2. Áætlaður kostnaður við vegakannanir 11 – 17	43
Tafla V.1. Vegakönnun nr. 8: frá stöðum samkvæmt veganeti skipti í vörutegundir	45
Tafla V.2. Vegakönnun nr. 8: til staða samkvæmt veganeti skipt í vörutegundir	45
Tafla V.3. Vegakönnun nr. 9: frá stöðum samkvæmt veganeti skipti í vörutegundir	46
Tafla V.4. Vegakönnun nr. 9: til staða samkvæmt veganeti skipt í vörutegundir	47
Tafla V.5. Vegakönnun nr. 10: frá stöðum samkvæmt veganeti skipt í vörutegundir	48
Tafla V.6. Vegakönnun nr. 10: til staða samkvæmt veganeti skipt í vörutegundir	48
Tafla V.7. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 8 raðað eftir umfangi heildarflutninga	49
Tafla V.8. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 9 raðað eftir umfangi heildarflutninga	52
Tafla V.9. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 10 raðað eftir umfangi heildarflutninga	54

Myndalisti

Mynd 1.1.	Lína á veganeti	21
Mynd 3.1.	Staðir á skilgreindu veganeti	35
Mynd 3.2.	Vöruflutningar milli Reykjavíkur og annara landshluta á ársgrundvelli skv. vegakönnunum	36
Mynd 3.3.	Flutningar til og frá stöðum í vegakönnun nr. 8	37
Mynd 3.4.	Flutningar til og frá stöðum í vegakönnun nr. 9	38
Mynd 3.5.	Flutningar til og frá stöðum í vegakönnun nr. 10	39
Mynd 3.6.	Tilraunasíða á netinu	40
Mynd 3.7.	Tilraunasíða á netinu	40

Inngangur

Þessi skýrsla lýsir vinnu við verkefnið *Könnun á flutningum eftir vegakerfinu* frá því að síðasta áfangaskýrsla: *Áfangaskýrsla III vegna könnunar á flutningum eftir vegakerfinu, nr. C98:01* kom út á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands í febrúar 1998.

Hagfræðistofnun hefur, að beiðni Vegagerðarinnar, unnið að könnunum á vöru- og fólksflutningum eftir vegakerfinu frá árinu 1995. Áhersla hefur verið lögð á að safna gögnum um þessa flutninga, byggja upp gagnagrunn til þess að varðveita þau og auðvelda úrvinnslu upplýsinga. Framkvæmdum þessara þátta verkefnisins er lýst í fyrri áfangaskýrslum: *Flutningar eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla I, nr. C96:01* og *Áfangaskýrslu II vegna könnunar á flutningum eftir vegakerfinu, nr. C97:04* auk áðurnefndrar skýrslu. Auk þessa kom út skýrslan *Forathugun vegna könnunar á flutningum eftir vegakerfinu, nr. C95:05* þar sem settar voru fram tillögur að framkvæmd verksins og áætlaður kostnaður við það.

Söfnun gagna um flutninga heldur áfram á hverju stigi verksins og reynt er að próa nýjar og betri aðferðir við öflun þeirra. Sumarið 1998 voru framkvæmdar þrjár vegakannanir. Þessar kannanir voru eins og tveggja daga langar. Áhersla var lögð á að gera slíkar kannanir þar sem nokkur mynd hefur fengist af vikusveiflum í flutningum með þeim vikukönnunum sem hafa verið framkvæmdar. Í 1. kafla í skýrslunni er fjallað um þessar kannanir og birtar hefðbundnar upplýsingar úr þeim gögnum sem fengust með þeim. Auk þess er fjallað um áhrif þessara nýju gagna á mat á heildarflutningum á vörum eftir vegakerfinu og mikilvægi einstakra vörutegunda í þessum flutningum. Nokkru máli skiptir að vitað sé hvert eðli flutninga einstakra vörutegunda er þegar lagt er mat á vægi þeirra í heildarflutningum á vörum eftir vegakerfinu, m.a. þar sem gera má ráð fyrir að mismunandi vörutegundir séu fluttar mismunandi vegalengdir að meðaltali. Í þessari skýrslu er, í 1. kafla, lagt mat á eðli flutninga á olíuvörum. Nauðsynlegt er að slíkt mat verði lagt á flutninga á öðrum vörutegundum fljótlega. Þer þar helst að nefna malar- og fiskflutninga þar sem samanlagt eru olíu-, fisk- og malarflutningar 50% af heildarflutningum eftir vegakerfinu ef tekið er mið af fjölda tonna samkvæmt vegakönnunum (sjá töflu 1.9).

Einnig hefur verið reynt að afla gagna um flutninga með því að hafa samband við flutningaaðila, bæði framleiðendur og flutningafyrirtæki. Á árinu 1997 var slík könnun framkvæmd þar sem reynt var að afla gagna um flutninga á árinu 1996. Ekki fengust mjög góð gögn úr þessari könnun en reynslan af vinnslu hennar er dýrmæt. Til stendur að framkvæma aðra slíka könnun á árinu 1999 og reyna með henni að fá gögn um flutninga á árinu 1997 og/eða 1998. Í þeim þrem vegakönnunum sem framkvæmdar voru sumarið 1998 voru í fyrsta sinn skráðar upplýsingar um flutningaaðila. Þessum gögnum hefur nú verið komið fyrir í gagnagrunninum. Auðveldara er því nú að fá upplýsingar úr gagnagrunninum um mikilvægi þeirra gagna sem flutningaaðilar geta veitt á mismunandi stöðum á vegakerfinu. Í 4. kafla er m.a. gerð grein fyrir möguleikum varðandi framkvæmd fyrirhugaðrar fyrirtækjakönnunar. Í 1. kafla er jafnframt gerð grein fyrir útvíkkun gagnagrunnsins til

þess að taka tillit til þessara gagna auk þess sem birtar eru helstu niðurstöður varðandi umfang einstakra flutningaðila í flutningum í þessum þrem könnunum.

Ekki er, af fenginni reynslu við framkvæmd fyrirtækjakannana, hægt að gera ráð fyrir að með þeim sé hægt að afla upplýsinga um nema hluta af flutningum eftir þjóðvegakerfinu. Auk þess er ekki hægt að gera ráð fyrir að unnt verði að afla tæmandi gagna um flutninga með vegakönnunum þar sem þær eru afar dýrar í framkvæmd. Líklegt er því að bæði verði að notast við gögn úr fyrirtækja- og vegakönnunum þegar reynt er að leggja mat á flutninga eftir einstökum leiðum og heildarflutninga eftir vegakerfinu. Í 4. kafla er gerð grein fyrir þeim möguleikum sem fyrir hendi eru við framkvæmd fyrirhugaðrar fyrirtækjakönnunar auk þess sem gerð er grein fyrir þeim vegakönnunum sem æskilegt er að framkvæmdar verði á árinu 1999.

Á fyrri stigum verksins var, af starfsmönnum Hagfræðistofnunar, þróað líkan til þess að meta kostnaðarskiptingu við framkvæmd vegakannana, annars vegar, og til þess að spá fyrir um kostnað við framkvæmd nýrra kannana, hins vegar. Í 2. kafla er þetta líkan endurbætt og uppfært að gefnum nýjum upplýsingum úr bókhaldi Vegagerðarinnar. Í 4. kafla er það notað til þess að spá fyrir um kostnað við þær vegakannanir sem æskilegt er að framkvæmdar verði á árinu 1999.

Undanfarið ár hefur verið í þróun notkun á Map Info forritinu til þess að birta upplýsingar úr gagnagrunninum en það forrit er svonefnt landupplýsingakerfi (e. Geographical Information System (GIS)). Einnig hefur verið þróuð heimasíða sem birtir upplýsingar um samgöngur með landupplýsingakerfi. Fjallað er um þessi mál í 3. kafla í skýrslunni.

1. kafli. Vegakannanir sumarið 1998

Sumarið 1998 voru þrjár vegakannanir framkvæmdar af starfsmönnum Vegagerðarinnar til þess að afla frekari upplýsinga um vöru- og fólksflutninga eftir þjóðvegakerfinu. Þessar kannanir voru eftirfarandi:

Tafla 1.1. Vegakannanir sumarið 1998		
Könnun nr.	Staðsetning	Tími
8	Reykjanesbraut við Straum	24. júní 1998
9	Hringvegur vestan Skeiðavegamóta	8. og 9. júlí 1998
10	Vegamót Norðfjarðavegar og Suðurfjarðavegar	22. og 23. júlí 1998

1.1. Hefðbundnar upplýsingar úr könnunum

Í töflum V.1 – V.6 í töfluviðauka eru sýndar upplýsingar úr vegakönnunum 8 – 10. Um er að ræða upplýsingar um vöruflutninga til og frá stöðum skipt í vörutegundir á þeim tíma sem kannanirnar voru gerðar.

Kannanir nr. 9 og 10 eru tveggja daga langar og könnun nr. 8 er eins dags löng. Sé tekið tillit til dagafjölda í könnunum eru flutningar mestir í könnun nr. 8, næstmestir í könnun nr. 9 og minnstir í þeirri 10. Þetta er eins og við er að búast þegar staðsetningar kannananna eru hafðar í huga.

Í könnun nr. 8, þ.e. á Reykjanesbraut við Straum, var mest flutt frá Reykjavík (33% af flutningum frá stöðum) og mest flutt til Keflavíkur (45% af flutningum til staða). Mest var flutt af malar- og byggingarefni í þessari könnun (27% af flutningum), næstmest af olíuvörum (24% af flutningum) og þá fiski (19% af flutningum).

Í könnun nr. 9, þ.e. á hringvegi vestan Skeiðavegamóta, var mest flutt frá Reykjavík (30% af flutningum frá stöðum) og mest flutt til Þorlákshafnar (41% af flutningum til staða). Í þessari könnun var mest flutt af malar- og byggingarefni (58% af flutningum) og flutningar á landbúnaðarvörum næstmestir (17% af flutningum).

Í könnun nr. 10, þ.e. á vegamótum Norðfjarðavegar og Suðurfjarðavegar, var mest flutt frá Reyðarfirði (24% af flutningum frá stöðum) og mest til Egilsstaða (27% af flutningum til staða). Í könnuninni voru malarflutningar mestir (36% af flutningum), þá aðrir flutningar (19% af flutningum) og því næst flutningar á fiski (14% af flutningum).

1.2. Útvíkkun gagnagrunns - stefnur og flutningaaðilar

Í vegakönnunum 8 – 10 var í fyrsta sinn spurt um heiti þeirra fyrirtækja, þ.e. flutningaaðila, sem voru að flytja fólk og vörur. Þessum gögnum hefur nú verið komið fyrir í gagnagrunninum þannig að hægt er að fá upplýsingar um þá aðila sem mikilvægast er að fá gögn frá vegna flutninga á viðkomandi landssvæði. Í töflum 1.2

– 1.4 eru birtir listar yfir þá flutningaaðila sem stoppaðir voru, upplýsingar fengust um og fluttu mest af vörum í vegakönnunum 8 – 10.¹

Tafla 1.2. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 8 (24. júní 1998 á Reykjanesbraut við Straum) raðað eftir umfangi heildarflutninga (tonn)

Fyrirtæki	Samtals	Fiskur	Landbv	Neysluv	Olíuv	Mal - bygge	Annað	Blandað	Tíðni
Skeljungur hf.	465				465				17
Dráttarbílar	153					153			5
BM Vallá ehf.	120					120			5
Olíudreifing ehf.	114				114				3
Eimskip hf.	97	39		15		22	21		8
Lífæð hf. Flutningafélag	46	46							12
GG	37	37							2
Páll Björnsson	36	36							11
Ragn./Ásg.	30	10					20		2
Einar og Tryggvi ehf.	25	25							1
MR-fóður	24		24						2
Þorbjörn hf.	23	16				6	1		6
Samskip hf.	22	22							1
Sementsverksmiðjan hf.	22					22			1
Sigurður Markússon	22					20		3	4
GK-flutningar	22	22							6
Steinsteypan ehf.	21					21			4
Túnverk hf. túnþökusala							6		3
Gylfa Jónssonar	21		15						2
Fedó	21			21					
Njarðtak sf									
gámaþjónusta									
sorphreinsun	18						18		5
Gámaþjónustan hf.	18					11	7		3
Feró sf.									
Flutningaþjónusta	17			17					1
M og M sf. heildsala	15	2	11				3		4
Hjördís Björk sf									
heildsala	15	15							2
Stakkavík ehf.	15	15							3
Aðrir	402	96	49	70	0	38	132	17	
Engar upplýsingar	696	93	75	53	22	264	172	17	
Samtals	2.517	474	174	175	601	676	380	36	

Tafla 1.3. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 9 (8. og 9. júlí 1998 á hringvegi vestan Skeiðavegamóta) raðað eftir umfangi heildarflutninga (tonn)

Fyrirtæki	Samtals	Fiskur	Landbv	Neysluv	Olíuv	Mal - bygge	Annað	Blandað	Tíðni
Mjólkurbú Flóamanna	180		179				1		35
Olíudreifing ehf.	174				135	38	1		17
Ístak hf.	172					170	1		14
Sigfús Guðmundsson	132					132			3

¹ Í töflum V.7 - V.9 í 1. viðauka eru þessir listar birtir í heild sinni. Hér eru aðeins birtur listi 25 umfangsmestu flutningaaðila í vegakönnunum nr. 8 og 9 og 15 umfangsmestu flutningaaðila í vegakönnun nr. 10. Í töflunum merkir tíðni fjölda skipta sem aðili var stoppaður í viðkomandi könnun.

Tafla 1.3 (frh.). Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 9 (8. og 9. júlí 1998 á hringvegi vestan Skeiðavegamóta) raðað eftir umfangi heildarflutninga (tonn)

Fyrirtæki	Samtals	Fiskur	Landbv	Neyslur	Olíuv	Mal - bygge	Annað	Blandað	Tíðni
Sláturfélag Suðurlands Svf.	85		67				19		19
HP og synir	63	27		14		2	13	7	14
Viggó hf.	54	15		2			26	11	7
Slitlag hf	54				46		8		5
Þykkvabær hf.	47		24	13			8	2	11
Gámastöðin hf.	47					19	28		10
Landflutningar	42		4	15		2	9	13	13
Fóðurblandan hf.	39		39						3
Kaupfélag Austur Skaftfellinga	32	18	6	5		3	1		7
Túnþökuvinnslan ehf.	31		30				2		4
Skeljungur hf.	29				29				3
Þórarinn K. G.	28					28			1
Þríhyrningur hf.	28		20			9			6
Víðir og Alda	26			3		8	15		5
Slökkviliðið	25						25		4
Eimskip hf.	24					1	23		3
Rafmagnsveitur Ríkisins	23						23		4
Steypustöð Suðurlands	23					23			2
Landsvirkjun	23					7	16		4
Hagkus	20						20		1
Flutningamiðstöð Suðurlands ehf.	20		6	11			3		10
Aðrir	297	0	100	32	1	76	88	0	
Engar upplýsingar	1.655	15	99	8	55	1.429	50	0	
Samtals	3.370	75	573	102	267	1.945	376	33	

Tafla 1.4. Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 10 (22. og 23. júlí 1998 á vegamótum Norðfjarðavegar og Suðurfjarðarvegar) raðað eftir umfangi heildarflutninga (tonn)

Fyrirtæki	Samtals	Fiskur	Landbv	Neyslur	Olíuv	Mal - bygge	Annað	Blandað	Tíðni
Malarvinnslan hf.	158				10	141	7		11
Flutningamiðstöð Austurlands	106	25	22	17	1	10	28	4	42
Viggó hf.	105	30				3	2	71	10
E.J.	50					48	2		5
Olíudreifing ehf.	42				42				3
Skeljungur hf.	32				32				5
Dreki hf. Oddeyrarskála	26						23	3	2
HP og synir	20						20		1
Flutningamiðstöð Norðurlands ehf.	12	3				1	2	6	6
Víðir Ingvarsson	12					12			1
Vífilfell ehf.	8			8					2
Svavar og Kolbrún Egilsst.	8						8		3
Íslandspóstur hf.	7						7		21
Kaupfélag Héraðsbúa	4		1	2			1		10

Tafla 1.4 (frh.). Flutningaaðilum í vegakönnun nr. 10 (22. og 23. júlí 1998 á vegamótum Norðfjarðavegar og Suðurfjarðarvegar) raðað eftir umfangi heildarflutninga (tonn)

Fyrirtæki	Samtals	Fiskur	Landbú	Neyslur	Olíuv	Mal - bygge	Annað	Blandað	Tíðni
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.	3			3					3
Aðrir	9	0	0	3	0	0	5	0	
Engar upplýsingar	157	47	2	5	4	57	35	8	
Samtals	759	105	25	38	88	272	141	91	

Auk þess að skrá flutningaaðila í vegakönnunum í gagnagrunninn hefur nú verið bætt við gögnum um stefnur flutninga í könnunum í hann. Þetta er gert til þess að fá megi með einföldu móti upplýsingar um flutninga eftir ákveðinni leið þegar könnun er gerð við vegamót.

1.3. Áhrif nýrra gagna á mat á heildarvöruflutningum

Þau gögn sem notuð eru til þess að leggja mat á heildarvöruflutninga og hlutfall einstakra vörutegunda af heildarvöruflutningum eru úr þeim vegakönnunum sem hafa verið framkvæmdar.² Þessar vegakannanir eru:

Tafla 1.5. Vegakannanir sem framkvæmdar hafa verið		
Könnun nr.	Staðsetning	Tími
3	Þyrill við Hvalfjörð	15. – 21. október 1995
4	Egilsstaðir	14. – 20. júlí 1996
5	Suðurlandsvegur ofan Sandskeiðs	11. – 17. ágúst 1996
6	Brú við Hrótafjörð	10. – 16. ágúst 1997
7	Austan Akureyrar	21. – 27. september 1997
8	Reykjanesbraut við Straum	24. júní 1998
9	Hringvegur vestan Skeiðavegamóta	8. og 9. júlí 1998
10	Vegamót Norðfjarðavegar og Suðurfjarðarvegar	22. og 23. júlí 1998

Hafa verður tvennt í huga þegar þessi gögn eru skoðuð. Í fyrsta lagi að gögnin eru fengin með könnunum á ákveðnum stöðum á veganetinu og í öðru lagi að kannanirnar eru í mesta lagi einnar viku langar og eru gerðar á mismunandi tímum innan ársins og á mismunandi árum.

Eins og fjallað var um í áfangaskýrslu 3 eru þeir reglubundnu þættir, sem breytingar í flutningum samanstanda af, leitni, árstíðasveifla og vikusveifla. Allir þessir þættir geta verið mismunandi á mismunandi stöðum á veganetinu. Við mat á heildarvöruflutningum eftir vegakerfinu og á vægi einstakra vörutegunda í þeim út frá þessum gögnum er því nauðsynlegt að setja fram eftirfarandi forsendur:

- Engin leitni er í flutningum. Þessi forsenda er á skjön við raunveruleikann þar sem gera má ráð fyrir að flutningar eftir vegakerfinu á hverju ári séu, að öðru


² Einnig liggur fyrir nokkuð af gögnum um vöruflutninga á árinu 1996 sem aflað var með fyrirtækjakönnun árið 1997. Þrátt fyrir að vissulega væri hægt að nota þau gögn til þess að leggja mat á heildarflutninga eftir vegakerfinu er hér aðeins notast við gögn úr vegakönnunum.

óbreyttu, háðir umsvifum í hagkerfinu. Með því að setja fram þessa forsendu er hægt að meðhöndla gögnin úr vegakönnunum 3 - 10 eins og að kannanirnar hafi verið framkvæmdar á sama árinu. Þar sem tímabilið sem kannanirnar eru framkvæmdar á er stutt, þ.e. 3 ár, veldur þetta þó tiltölulega lítilli skekkju.

- Engin árstíðasveifla er í flutningum. Þessi forsenda er einnig á skjön við raunveruleikann þar sem gera má ráð fyrir að flutningar séu meiri yfir sumarmánuðina en yfir veturinn. Jafnframt má gera ráð fyrir að árstíðasveiflan sé mismunandi eftir stöðum á veganetinu þar sem mismunandi árstíðasveiflur eru í flutningum á mismunandi vörutegundum og vægi einstakra vörutegunda er mismunandi eftir stöðum á netinu. Með því að setja fram þessa forsendu er hægt að meðhöndla gögnin úr vegakönnunum eins og að þær hafi verið framkvæmdar á sama tíma innan ársins.
- Vikusveifla í flutningum er óháð tíma. Vegakannanir 3 - 7 voru vikulangar, auk þess sem þær voru gerðar á mismunandi stöðum á vegakerfinu, þannig að gera má ráð fyrir að með þeim fáiist nokkuð gott mat á meðaltals vikusveiflu í flutningum eftir vegakerfinu, ef gert er ráð fyrir að hún sé óháð tíma. Hins vegar má gera ráð fyrir að vikusveiflur séu nokkuð mismunandi eftir vörutegundum og, þar af leiðandi, séu þær háðar árstíðum.

Auk ofangreindra forsendna eru aðrir vankantar á því mati sem síðar er framkvæmt. Gögnin ná ekki til flutninga á öllum þeim leggjum sem flutningar fara fram á eða ná ekki að fullu til þeirra. Þessir vankantar eru m.a.:

- Gögn vantar um flutninga á einstökum leggjum. Hér er einkum um að ræða gögn um flutninga til (frá) Vestfjarða um og við Breiðafjörð auk gagna um flutninga um Hvalfjörð eftir að jarðgöngin voru tekin í notkun og siglingar Akraborgar voru felldar niður. Einnig vantar gögn um flutninga milli norðanverðs Eyjafjarðar og Akureyrar, annars vegar, og Norðvesturlands og Akureyrar, hins vegar.
- Ekki er mögulegt að ná til allra flutninga eftir veganetinu með vegakönnunum þó svo að þær séu staðsettar á sem flestum stöðum á því. Eftirfarandi mynd er ætlað að skýra þetta betur:



Mynd 1.1. Lína á veganeti

Segjum sem svo að hluti línunnar sem er lengst til vinstri innihaldi alla punkta á veganetinu sem eru í landshluta A, hlutinn í miðjunni innihaldi alla punkta sem eru í landshluta B, og hluti hennar lengst til hægri innihaldi alla punkta sem eru í landshluta C. Könnun á flutningum fer nú fram á punkti a á línunni. Ljóst er af myndinni að með þessari könnun fást ekki gögn um flutninga á milli punkta á veganetinu ef þeir eru báðir staddir sömu megin við punktinn a. Jafnframt, ef

reynt er að leggja mat á flutninga á milli landshluta A og B, fást ekki gögn um flutninga frá landshluta A ef upphafsstaður flutninganna er hægra megin við punktinn a. Jafnframt fást ekki gögn um flutninga til landshlutar A ef endastaður flutninga er hægra megin við a. Ein könnun sem ætlað er að leggja mat á flutninga á milli tveggja landshluta kemur því væntanlega til þess að vanmeta flutninga á milli þessara landshluta. Þegar kannanir eru framkvæmdar í punktum a og b á veganetinu kemur upp annað vandamál. Það felst í því að flutningar frá landshluta A til C verða tvítaldir, þ.e. gögn fást um þá bæði í könnunum a og b. Almennt má segja að eftir því sem flutningar fara í gegnum fleiri landshluta á leið sinni eykst þessi oftalning ef kannanir eru gerðar í viðkomandi landshlutum. Oftalning kemur því til ef flutningar fara í gegnum tvo eða fleiri landshluta þar sem vegakannanir eru framkvæmdar. Á móti kemur að flutningarnir eru vantaddir af þeim ástæðum sem að framan var fjallað um. Ekki er því hægt að segja hvort um ofmat (eða vanmat) sé að ræða þegar lagt er mat á heildarflutninga eftir vegakerfinu.

Í töflu 1.6 er birt mat á heildarvöruflutningum eftir vegakerfinu á ársgrundvelli:

Könnun nr.	Staður	Tonn á viku	Tonn á ársgrundvelli	Tonnkm. á viku	Tonnkm. á ársgrundvelli
3	Þyrill	6.167	320.668	1.481.169	77.020.791
4	Egilsstaðir	1.684	87.564	204.410	10.629.321
5	Suðurlandsvegur ofan Sandskeiðs	10.881	565.820	1.088.114	56.581.920
6	Brú	4.300	223.588	1.512.317	78.640.467
7	Akureyri	3.234	168.168	434.856	22.612.508
8	Straumur	12.094	628.866	842.316	43.800.427
9	Skeiðavegamót	8.158	424.217	1.085.008	56.420.438
10	Vegam. Norðfj.v. og Suðurfj.v.	1.838	95.572	288.210	14.986.898
Ótalið innan landshluta					40.000.000
Samtals					400.692.771

Með hliðsjón af þeim vanköntum sem fjallað var um að framan er ljóst að mikil óvissa er við mat á flutningum eftir þjóðvegakerfinu út frá þessum gögnum, hvort sem um er að ræða heildarmagn af vörum eða vægi einstakra vörutegunda í flutningunum, þar sem erfitt er að segja til um hversu mikið gögn í einstökum könnunum skarast við gögn úr öðrum könnunum og hve miklir flutningar það eru sem kannanirnar ná ekki að mæla.³ Við mat á heildarflutningum í töflunni eru vikuflutningar í hverri könnun, í

³ Í kafla 4 er fjallað um þau gögn sem nauðsynlegt er að afla til þess að leggja nákvæmara mat á heildarflutninga og vægi einstakra vörutegunda í þeim.

Mögulegt er að komast hjá tvítalningu þegar gögn úr vegakönnunum eru notuð til þess að leggja mat á heildarflutninga eftir vegakerfinu. T.d. væri hægt að kanna hvort flutningar á milli

samræmi við framangreindar forsendur, margfaldaðir með 52 til þess að fá ársflutninga. Kannanir 8 – 10 eru eins og tveggja daga langar. Lagt er mat á vikuflutninga í þessum könnunum með því að gera ráð fyrir að dreifing heildarflutninga innan vikunnar sé eins í þessum könnunum og hún er að meðaltali í könnunum 3 – 7.⁴ Þessi aðferð við mat á vikusveiflum í könnunum 8 – 10 leiðir til þess að eftir því sem flutningar eru umfangsmeiri í könnunum því meira vægi fá þær kannanir í meðaltalinu, þ.e. notað er vegið meðaltal kannana 3 - 7. Einnig væri hægt að nota óvegið meðaltal. Ekki verður fjallað um það hér hvor aðferðin sé „réttari“ heldur látið nægja að minnast á þessa tvo möguleika.

Í áfangaskýrslu 3 var lagt mat á heildarvöruflutninga eftir vegakerfinu með gögnum úr vegakönnunum 3 – 7 og er það mat 382 milljón tonnkm. á ársgrundvelli. Samkvæmt matinu í töflu 1.6 eru heildarflutningar á vörum eftir vegakerfinu 400 milljónir tonnkm. á ársgrundvelli. Helst má gera ráð fyrir að flutningar í vegakönnunum 4 og 10 og 5 og 9 skarist og því kann matið að vera í hærra lagi. Auk þess er töluverð óvissa í matinu og því er ekki ástæða til að draga þá ályktun að tilkoma nýrra gagna, þ.e. gagna úr vegakönnunum 8 - 10, bendi til þess að heildarvöruflutningar séu meiri en áður var talið. Því er það mat óbreytt að heildarvöruflutningar á þjóðvegum landsins séu um 400 milljónir tonnkm., en það jafngildir því að í kringum eitt tonn sé flutt hringinn í kringum landið fyrir hvern íslending á ári hverju.

Í töflu 1.7 er birt mat á vægi einstakra vara í heildarflutningum eftir vegakerfinu:

Tafla 1.7. Mat á vægi vörutegunda í heildarvöruflutningum eftir vegakerfinu með gögnum úr vegakönnunum 3 - 10 (%)

	Kannanir								Mat
	3	4	5	6	7	8	9	10	Meðaltal
Fiskur	26	14	11	31	16	15	2	14	15
Landbúnaðarvörur	15	5	9	6	13	8	22	4	11
Neysluvörur	15	5	5	13	5	8	3	6	8
Olíuvörur	1	21	8	9	7	30	10	15	14
Möl	17	40	43	10	28	23	50	31	31
Annað	17	10	21	23	29	15	12	21	18
Blandað	7	5	3	8	2	1	1	10	3
Samtals	100	100	100	100	100	100	100	100	100

Eins og áður hefur verið fjallað um eru vegakannanir 8 – 10 eins og tveggja daga langar. Lagt er mat á vikuflutninga á hverri vörutegund í könnunum 8 – 10 með því að gera ráð fyrir að dreifing flutninga á hverri vörutegund innan vikunnar sé eins í

ákveðinna staða koma oftar en einu sinni fyrir í gögnunum og taka svo meðaltal þeirra athuganna sem til eru. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Vanmat er hins vegar ávallt til staðar.

⁴ Þegar gefin er forsenda um að dreifing flutninga sé eins og að meðaltali í vegakönnunum 3 – 7 er átt við að dreifing flutningsmagns sé eins og í þessum könnunum en vegalengd sú sem vara er flutt að meðaltali sé óháð dögum innan vikunnar.

Þessum könnunum og hún er að meðaltali í vegakönnunum 3 – 7.⁵ Með því að gefa sér þessa forsendu eru síðan reiknaðir út áætlaðir vikuflutningar á hverri vörutegund í vegakönnunum 8 – 10. Að lokum er síðan lagt mat á vægi einstakra vörutegunda í heildarflutningum eftir vegakerfinu með gögnum um vikuflutninga á hverri vörutegund í vegakönnunum 3 – 7 og áætluðum vikuflutningum á hverri vörutegund í könnunum 8 – 10.

Í töflu 1.8 á blaðsíðu 25 er birt mat á vöruflutningum milli einstakra landshluta á ársgrundvelli út frá gögnum úr vegakönnunum 3 – 10. Til þess að komast hjá tvítalningu í könnunum er notað sú aðferð að notaðar eru tölur fyrir flutninga milli ákveðinna landshluta úr þeirri könnun sem mælir mesta flutninga á milli viðkomandi landshluta á ársgrundvelli. Hafa verður í huga, eins og áður var fjallað um, að gögn vantar um flutninga á milli ákveðinna landshluta þar sem ekki hafa verið framkvæmdar kannanir sem ná til þessara flutninga. Meðal annars vegna þess eru engir flutningar milli sumra landshluta samkvæmt töflunni. Einkum er hér um að ræða flutninga á milli Vestfjarða og Vesturlands.

Vægi einstakra vörutegunda í vöruflutningum, í töflu 1.7, er reiknað út frá magni í hverri könnun án þess að tekið sé tillit til mismunandi vegalengda flutninga einstakra vörutegunda, þ.e. reiknað er út frá tonnum en ekki tonnkm. Gagnlegra er því að skoða tonnkm. hvernar vörutegundar í vegakönnunum 3 - 10 og leggja mat á vægi einstakra vörutegunda í flutningum eftir vegakerfinu út frá þeim tölum og með þeim aðferðum sem notaðar voru við að meta vægi einstakra vörutegunda í töflu 1.7. Í töflu 1.9 á blaðsíðu 27 eru sýndir áætlaðir tonnkm. hvernar vörutegundar á ári og er þetta mat byggt á gögnum úr vegakönnunum 3 - 10.⁶ Af henni má sjá að vægi olíuvara og malar er ofmetið á kostnað hinna vörutegundanna þegar aðeins er stuðst við tonn. Eins og áður var fjallað um má jafnframt gera ráð fyrir að töluverð skörun sé á milli flutninga í vegakönnunum 4 og 10 og 5 og 9. Það bendir einnig til ofmats á vægi malar á kostnað hinna vörutegundanna. Það má því gera ráð fyrir að vægi fisks, landbúnaðarvara, neysluvara, annarra vara og blandaðra vara sé vanmetið en vægi olíuvara og malar ofmetið þegar aðeins er stuðst við tonn við mat á vægi einstakra vörutegunda í heildarvöruflutningum eftir vegakerfinu með gögnum úr vegakönnunum 3 - 10. Jafnframt má gera ráð fyrir að vægi malar sé ofmetið þegar notaðir eru tonnkm. Samkvæmt töflu 1.9 má gera ráð fyrir að vægi fiskjar í vöruflutningum eftir vegakerfinu sé 23%, vægi landbúnaðarvara 12%, vægi

⁵ Hér er notað vegið meðaltal við mat á vikusveiflu í flutningum á hverri vörutegund í vegakönnunum 8 – 10. Einnig væri hægt að nota óvegið meðaltal sbr. umfjöllunina um mat á heildarflutningum eftir vegakerfinu.

⁶ Hér eru teknar með allar vörutegundir nema þær sem falla undir flokkinn „blandaðar vörutegundir“. M.h.a. þessu ætti því vægi hvernar vörutegundar í töflu 1.7 í samanburði við töflu 1.9 að vera hærri en er í töflu 1.7.

Tafla 1.8. Mat á flutningum milli landshluta á ársgrundvelli með gögnum úr vegakönnunum 3 – 10 (tonn)									
Landshluta	Til landshluta								
	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland Vestra	Norðurland Eystra	Austurland	Suðurland	Samtals
Reykjavík	108.264	383.084	55.380	9.932	33.488	44.564	23.036	192.920	742.404
Reykjanes	57.720	27.612	48.724	0	2.132	104	0	25.376	184.808
Vesturland	10.712	0	0	0	14.300	5.304	3.140	8.372	116.448
Vestfirðir	25.272	1.976	0	0	1.976	676	0	0	13.572
Norðurland	32.968	5.252	11.648	0	0	6.812	1.508	1.768	49.452
Vestra									
Norðurland									
Eystra				520	4.628		7.072	1.300	52.780
Austurland	8.892	2.444	1.508	0	1.716	11.960		0	26.624
Suðurland	216.216	42.172	11.648	0	5.408	1.144	5.772		282.360
Samtals	460.044	462.540	129.948	10.452	63.648	70.564	40.528	229.736	1.467.460

neysluvara 12%, vægi olíuvara 8%, vægi malar og byggingarefna 20% og vægi annarra vara 25%.

1.3.1. Olíuflutningar

Einn flokkur þeirra vörutegunda, sem gögn eru fengin um flutninga á í þessu verkefni, eru olíuvörur. Hér er ætlunin að fjalla um eðli flutninga á þessum vörutegundum. Þessi umfjöllun byggir á samtölum sem höfundur hefur átt við aðila sem að þessum flutningum koma. Hafa ber í huga að líklega eru vankantar á þessari umfjöllun auk þess sem nauðsynlegt er að bætt verði við þekkingu á flutningum á öðrum flokkum vörutegunda. Hugsanlegt væri að nota gögn um flutningaaðila sem fengust úr vegakönnunum 8 - 10 til þess að auka við þekkingu á flutningamynstrinu. Það hefur hins vegar ekki verið gert.

Olíuvörur er fluttar inn til landsins erlendis frá og notaðar til neyslu eða sem aðföng innanlands. Sem dæmi um neyslu á olíu má nefna notkun heimilanna í landinu á bensíni og díselolíu á bifreiðar. Sem dæmi um aðföng má nefna notkun skipa og verksmiðja á olíu. Þær innflutningshafnir sem eru notaðar eru aðallega staðsettar á suðvesturhorni landsins, þ.e. í Reykjavík, Hafnarfirði og í Hvalfirði.⁷

Dreifikerfi olíufélaganna er þannig að í öllum helstu landshlutum eru staðsettar birgðastöðvar og eru olíuvörur fluttar til hverrar birgðastöðvar með skipum frá innflutningshöfnum. Frá hverri birgðastöð er olíu dreift innan hvers landshluta. Endanleg skipti á vörunni milli seljenda, þ.e. olíufélaganna, og kaupenda, þ.e. heimila og fyrirtækja, fara síðan fram við bensínstöðvar, á höfnum og við verksmiðjur.

Bensínstöðvar eru mjög dreifðar innan landshluta og eru þær bæði staðsettar inni í landi og við sjó. Hafnir eru, eðli sínu samkvæmt, staðsettar við sjó auk þess sem þær eru ekki eins dreifðar og bensínstöðvar, þ.e. það er yfirleitt bara ein í hverju sveitarfélagi ef það er staðsett við sjó. Það sama á við um þær verksmiðjur sem nota olíu, þ.e. þær eru yfirleitt staðsettar við sjó í þeim sveitarfélögum sem þær eru.

Einungis vegna þess hvernig endanleg skipti á olíuvörum á milli kaupenda og seljenda eru staðsett er ljóst að alltaf hljóta einhverjir flutningar að fara fram með bifreiðum þar sem bensínstöðvar eru ekki alltaf staðsettar við höfn. Hins vegar geta flutningar til verksmiðja, hafna og þeirra bensínstöðva sem staðsettar eru við höfn bæði farið fram með skipum og bifreiðum. Á undanförunum árum hefur þróunin verið í þá átt að aukinn hluti þessara olíuflutninga hefur farið fram með bifreiðum á kostnað flutninga með skipum.

Af þessari umfjöllun er ljóst að flutningar á olíuvörum eftir vegakerfinu geta aðeins átt sér stað á milli staða innan sama landshluta. Vegalengdir þessara flutninga takmarkast þar af leiðandi af því.

⁷ Um 90% af innflutningi á olíu og bensíni fer um olíubirgðastöðvarnar í Reykjavík. Heimild: Jón Þorvaldsson: „Olíuhöfn í Reykjavík“. Tæknideild Reykjavíkurbílnar, maí 1995.

Tafla 1.9. Mat á flutningum á hverri vörutegund eftir vegakerfinu skv. vegakönnunum													
		Fiskur		Landbv		Neyslur		Olíuv		Mal - bygge		Annað	
		Þúsund											
Könnun nr.	Staður	Tonn á ári	Tonnkm á ári	Tonn á ári	Tonnkm á ári	Tonn á ári	Tonnkm á ári	Tonn á ári	Tonnkm á ári	Tonn á ári	Tonnkm á ári	Tonn á ári	Tonnkm á ári
3	Þyrill	85	24.042	50	12.028	49	16.996	4	993	56	5.127	54	17.837
4	Egilsstaðir	12	4.553	4	758	4	551	19	1.806	35	1.696	9	1.266
5	Suðurlandsvegur												
6	ofan Sandskeiðs	65	7.228	52	6.636	30	6.074	45	4.350	241	14.962	117	17.332
7	Brú	70	28.115	14	5.582	28	11.947	20	4.793	23	9.407	51	18.797
8	Akureyri	27	4.880	22	2.652	8	1.586	11	943	46	3.213	50	9.339
9	Straumur	103	6.950	54	6.265	57	2.167	202	9.058	157	11.835	104	10.603
10	Skeiðavegamót	9	3.263	93	9.491	14	3.731	42	7.386	210	21.639	52	12.291
	Vegam. Norðfj.v. og Suðurfj.v.	13	3.353	4	1.190	5	1.512	14	632	29	3.938	20	4.553
Samtals		382	82.383	294	44.601	195	44.562	357	29.961	798	71.816	457	92.017
Vægi (%)		15	23	12	12	8	12	14	8	32	20	18	25

2. kafli. Kostnaður við framkvæmd vegakannana

Við upphaf þessa verks var, af starfsmönnum Hagfræðistofnunar, þróað kostnaðarlíkan til þess að leggja mat á skiptingu kostnaðar við framkvæmd vegakannana og til þess að nota til að spá fyrir um kostnað við gerð þeirra. Nú þegar nákvæmari upplýsingar um skiptingu kostnaðar á einstaka liði liggja fyrir úr bókhaldi Vegagerðarinnar hefur þetta líkan verið endurbætt þannig að unnt sé, með einföldum hætti, að uppfæra það með nýjum tölum úr bókhaldi Vegagerðarinnar hverju sinni og þannig að unnt sé að nota það til þess að spá fyrir um kostnað við gerð vegakannana í framtíðinni. Þessi aðferð byggir á því að upplýsingum um kostnað við gerð vegakönnunar úr bókhaldi Vegagerðarinnar er skipt niður á ákveðna flokka kostnaðar. Síðan eru notaðar upplýsingar um könnunina auk kostnaðarskiptingar hennar til þess að leggja mat á ákveðnar stærðir (einingaverð) í vikomandi könnun. Útreiknuð einingaverð í þessari könnun (og fleirum) eru svo notuð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða könnun til þess að spá fyrir um kostnað við gerð hennar.

Í þessum kafla er fjallað um kostnað við framkvæmd vegakannana 6 – 10 samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar auk þess sem gerð er grein fyrir kostnaðarlíkani. Hagfræðistofnunar og uppfærslu á því með nýjum gögnum úr bókhaldi Vegagerðarinnar. Líkanið er síðan notað í 4. kafla til þess að spá fyrir um kostnað við þær vegakannanir sem æskilegt er að framkvæmdar verði á árinu 1999. Haft skal í huga að við umfjöllun á kostnaði við framkvæmd vegakannana í þessari skýrslu er ekki tekið tillit til kostnaðar vegna undirbúnings kannana og úrvinnslu þeirra gagna sem með þeim er aflað.

2.1. Kostnaður við framkvæmd vegakannana á árunum 1997 og 1998

Samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar var kostnaður við framkvæmd vegakannana á árunum 1997 og 1998 eftirfarandi:

Tafla 2.1. Kostnaður við vegakannanir 6 - 10 samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar
kr. á verðlagi hvors árs

	1997		1998		
	6	7	8	9	10
1. Launakostnaður	1.430.367	620.850	460.080	397.928	317.872
2. Gisti- og matarkostnaður	596.750	255.250	7.600	15.200	74.000
3. Ferðakostnaður	174.001	115.830	8.897	61.894	61.020
4. Löggæslukostnaður	715.019	285.820	70.480	191.516	75.450
5. Annar kostnaður	28.534	11.414	18.796	22.555	15.037
Kostnaður samtals	2.944.671	1.289.164	565.853	689.093	543.379

Ef gist er nálægt könnunarstað samanstendur launakostnaður af launagreiðslum vegna viðveru starfsmanna á könnunarstað, launagreiðslum vegna ferða á milli könnunarstaðar og gististaðar, annars vegar, og gististaðar og höfuðborgarsvæðisins við upphaf og lok könnunar, hins vegar. Ef ekki er gist nálægt könnunarstað

samanstendur launakostnaður af launagreiðslum vegna ferða starfsmanna á milli könnunarstaðar og höfuðborgarsvæðis auk launagreiðslna vegna viðveru á könnunarstað. Um tvenns konar hópa starfsmanna er að ræða við kannanir. Annars vegar „dýrari“ starfsmenn en sá hópur samanstendur af starfsmönnum Vegagerðarinnar sem hafa reynslu og þekkingu til þess að hafa umsjón með gerð könnunar á framkvæmdarstað. Hins vegar er um að ræða „óðýrari“ starfsmenn en sá hópur samanstendur af starfsmönnum sem vinna eftir leiðbeiningum fyrrgreinda hópsins.

Undir ferðakostnað fellur kostnaður vegna notkunar bifreiða í könnun. Ef gist er nálægt könnunarstað samanstendur þessi kostnaður af tvennu. Annars vegar samanstendur hann af bifreiðakostnaði vegna ferða milli könnunarstaðar og gististaðar. Hins vegar samanstendur hann af bifreiðakostnaði vegna ferða milli gististaðar og höfuðborgarsvæðis. Ef ekki er gist nálægt könnunarstað samanstendur þessi kostnaður aðeins af bifreiðakostnaði vegna ferða milli höfuðborgarsvæðis og könnunarstaðar.

Tölur í bókhaldi Vegagerðarinnar fyrir annan kostnað eru aðeins fyrir hvort ár fyrir sig en ekki fyrir hverja könnun. Þessum kostnaði er deilt niður á kannanir með því að áætlað umfang þeirra og er það byggt á fjölda starfsmannadaga (fjöldi starfsmanna margfaldaður með fjölda daga sem könnun stóð yfir) í hverri könnun.

2.2. Kostnaðarlíkan Hagfræðistofnunar⁸

